

Árshátíð á aldarafmæli LÍ í Hörpu 20. janúar

Í tilefni 100 ára afmælis LÍ verður árshátíðin 2018 enn glæsilegri en venjulega og óhætt að fullyrða að dagskráin sé þannig úr garði gerð að allir eigi að skemmta sér konunglega. Sérstaklega er vandað til matarins sem boðið er upp á og var Læknirinn í eldhúsínu, Ragnar Freyr Ingvarsson, sérstakur ráðgjafi afmælisnefndarinnar við val matseðilsins.

Húsið opnar kl. 19:00, þegar líður á kvöldið mun Ari Eldjárn hrista vel upp í gestum og kitla hláturtaugarnar eins og honum einum er lagið. Stuttu síðar mun Sigga Beinteins, Selma Björns og Eyþór Ingi koma öllum í stuð áður en ein besta ballhljómsveit landsins, Buffið, stígur á svið og spilar fram á nótta. Dansskórnir þurfa að vera með í för laugardaginn 20. janúar.

Veislustjóri Þórarinn Ingólfsson, heimilislæknir

DAGSKRÁ ÁRSHÁTÍÐAR

- ✓ Húsið opnar kl. 19, fordrykkur, Haukur Heiðar spilar fyrir gesti
- ✓ Afmælisávarp Reynis Arngrímssonar formanns Læknafélags Íslands
- ✓ Ari Eldjárn hristir upp í gestum
- ✓ Sigríður Beinteins, Selma Björns og Eyþór Ingi stíga á svið
- ✓ Milli skemmtiatriða seyðir Jazzhljómsveitin Guitar Islancio fram ljúfa tóna
- ✓ Buffið lokar kvöldinu með balli

HLAÐBORD AD HÆTTI LÆKNISINS Í ELDHÚSINU

- Nautalund Wellington og bernaisesósa
- Kryddlöggð bleikja með jarðskokkum og rótargrænmeti
- Nýlagað sushi úr grænmeti með chilimajó
- Villisveppa risottokúlur
- Innbakað byggotto með fersku grænmeti og kryddjurtum
- Grillað BBQ lamb með sýrðu grænmeti
- Kjúklingaspjót með ferskum kryddjurtum
- Eldsteiktar tígrisrækjur
- Hægeldaðir andaconfit-leggir í djúpsteiku „sopbrauði“ með chilli og kóriander
- Hvít súkkulaðimús með hindberjum
- Súkkulaði „brownie“

MIÐAVERÐ Á ÁRSHÁTÍÐINA ER KR. 15.500.
INNIFALIÐ Í MIÐAVERÐINU ER FORDRYKKUR, MATUR OG LÉTTVÍN MEÐ MATNUM
MIÐASALA Á SÍÐU LÆKNADAGA 2018 Á INNRA NETI LIS.IS

Sækja þarf árshátíðarmiðana á þjónustuborð Læknadaga í Hörpu, dagana 15.-19. janúar frá kl. 9:00-16:00.

Gert er ráð fyrir að árgangar haldi sín party eins og venjulega. Þar sem um standandi borðhald verður að ræða verða engin sérstök borð frátekin en nægilegt rými er fyrir þá sem vilja sitja meðan þeir matast.

Læknar eru hvattir til að fjölmenna á árshátíð LÍ á aldarafmæli félagsins.

Góða skemmtun.